

Ár 2016, miðvikudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör formanns kærunefndar útlendingamála

I.

Samkvæmt 5. mgr. 3. gr. a laga nr. 96/2002, um útlendinga, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 64/2014 um breytingu á þeim lögum, ákveður kjararáð laun og önnur starfskjör formanns kærunefndar útlendingamála.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 26. maí 2015 frá formanni kærunefndar útlendingamála. Í bréfinu er óskað eftir endurskoðun ákvörðunar kjararáðs um laun formannsins. Sú reynsla sem komin sé á starf nefndarinnar og þörf á yfirvinnu formannsins hafi sýnt að mánaðarlaun og einingar séu undir því sem eðlilegt megi teljast fyrir starf af þessu tagi. Þá hafi ekki verið gætt innbyrðis samræmis við ákvörðun launakjara. Einnig eigi að taka tillit til reynslu og bakgrunns formannsins við ákvörðun launa. Er í bréfinu vísað til fyrri greinargerða formannsins þar sem þörf á miklu yfirvinnuálagi hafi verið útskýrt og bréfs innanríkisráðuneytis til kjararáðs sem styðji það. Þar sé meðal annars vikið að eðli málaflokksins og álagi vegna mótmæla og fjölmiðlaumfjöllunar. Hafa beri í huga að starfið feli í sér erfiðar ákvarðanir um mikilvæga persónulega hagsmuni fólks sem oft hafi gengið í gegnum atburði sem erfitt sé að lýsa eða skilja. Verkefni kærunefndarinnar tengist beint alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði flóttamannaréttar og orðstír landsins á þessum vettvangi. Fjöldi mála og fundatíðni sé langt umfram þær áætlanir sem gerðar hafi verið í upphafi. Í bréfinu segir að þegar kjararáð tók ákvörðun um laun formannsins hafi ekki verið komin reynsla á vinnuálag formanns og þörf á yfirvinnu. Þó hafi framlögð gögn gefið ástæðu til að ætla að um talsverða yfirvinnu yrði að ræða, að starfinu fylgdi álag innan og utan hefðbundins vinnutíma og að starfið krefðist reynslu sem ekki fengist innanlands. Fram kemur að gera megi ráð fyrir stöðugt auknum málafjölda. Reynslan af starfi nefndarinnar hafi gefið enn gleggri mynd af þessum atriðum. Yfirvinna hafi verið 40 til 50 tímar á mánuði um kvöld og helgar.

Með bréfi dagsettu 8. júní 2015 gaf kjararáð innanríkisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í bréfi innanríkisráðuneytis dagsettu 12. júní 2015 er vísað til fyrri greinargerðar ráðuneytisins til kjararáðs þar sem tilgreind eru þau atriði sem það taldi að hafa bæri til hliðsjónar við mat á starfinu. Þau sjónarmið séu enn í gildi. Jafnframt bendi fjöldi hælismála sem nefndinni hafi þegar borist á árinu til þess að spá um fjölgun mála sem sett hafi verið fram í fylgigögnum með fyrra svari muni ganga eftir.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytis dagsettu 9. júlí 2015 segir að svo sem fram komi í bréfi formanns kærunefndar óski hann eftir endurskoðun á launakjörum og vísi meðal annars í samanburð við aðra forstöðumenn og nefndarmenn. Fram kemur að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um hvort eða með hvaða hætti kjararáð hafi tekið tillit til atriða sem þessara við fyrri ákvörðun sína og telur eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör formannsins.

Með bréfi dagsettu 14. júlí 2015 fékk formaður kærunefndar útlendingamála send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi formannsins dagsettu 20. júlí 2015 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna en ítrekað að við ákvörðun launakjara formanns kærunefndar útlendingamála sé eðlilegt að horft sé til launakjara formanna og forstöðumanna í sambærilegum störfum. Verði ekki séð annað en að fjármála- og efnahagsráðuneytið taki undir þau sjónarmið. Er í því sambandi sérstaklega vísað til launakjara

forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Erfitt sé að bera saman mál þessara nefnda, en ekkert bendi til þess að mál kærunefndar útlendingamála séu léttari í vöfum en mál úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, hvorki hvað varði lögfræðilegt flækjustig, atvikalýsingu né gagnaöflun. Í bréfi formannsins til kjararáðs dagsettu 11. nóvember 2015 er vakin athygli á mikilli fjölgun á umsóknum um alþjóðlega vernd og kærum til kærunefndar útlendingamála. Vegna þessarar fjölgunar hafi starfsmönnum verið fjölgað og starfi nú níu manns í fullu starfi hjá nefndinni, sjö lögfræðingar og einn ritari auk formanns. Nefndin hittist í hverri viku á heilsdagsfundum sem sé tvöföldun frá því sem áður hafi verið. Þetta sé talsvert umfram fyrri áætlanir og það sem kjararáði hafi áður verið gerð grein fyrir.

III.

Kærunefnd útlendingamála starfar samkvæmt lögum nr. 96/2002 með síðari breytingum. Kærunefndin er sjálfstæð stjórnslunefnd sem úrskurðar í málum sem til hennar eru kærð á grundvelli 30. gr. laganna. Úrskurðum nefndarinnar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds. Við úrlausn mála hefur kærunefndin sömu valdheimildir og ráðherra sem úrskurðaraðili á æðra stjórnslustigi.

Með lögum nr. 38/2016 voru gerðar breytingar á ákvæðum fyrrnefndra laga. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að mikil fjölgun hælisleitenda á síðasta ári hér á landi og í Evrópu geri það að verkum að efla verði málsmeðferð sérstaklega fyrir kærunefnd útlendingamála. Samkvæmt lögum skipar innanríkisráðherra sjö nefndarmenn í kærunefnd útlendingamála í stað þriggja áður. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu skipaðir í fullt starf til fimm ára að undangenginni auglýsingu samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og að fenginni umsögn hæfnisnefndar samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Þeir skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Innanríkisráðherra skipar fimm aðra nefndarmenn og jafnmarga til vara til fimm ára í senn og skulu þeir hafa lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði. Tveir skulu tilnefndir af Mannréttindaskrifstofu Íslands, einn af Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og tveir skipaðir án tilnefningar. Þess skal gætt að innan nefndarinnar sé jafnan til staðar nauðsynleg sérþekking á þeim sviðum sem fjallað er um í nefndinni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og skulu uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Formaður kærunefndar útlendingamála hefur yfirumsjón hennar með höndum. Hann fer með fyrirvar nefndarinnar út á við og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Formaður úthlutar málum til meðferðar. Formaður ræður starfsfólk í samræmi við samþykktar fjárheimildir og ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur.

Að jafnaði skulu þrír nefndarmenn sitja fundi kærunefndar til að fjalla um hvert mál sem nefndinni berst. Formaður ákvarðar hvernig nefndin er skipuð í hverju máli og skal hann gæta þess að í henni eigi sæti þeir sem besta þekkingu hafa til úrlausnar málsins. Formaður eða varaformaður á sæti í nefndinni í öllum málum. Formanni er heimilt að ákveða að nefndin starfi deildaskipt. Nefndinni er heimilt að fela formanni að úrskurða einum í ákveðnum málum. Varaformaður hefur sömu heimildir og formaður til að úrskurða í málum í samræmi við ákvæði laganna. Málsmeðferð skal að jafnaði vera skrifleg. Í tilteknum málum getur nefndin, telji hún ástæðu til, gefið kæranda kost á að koma fyrir nefndina og tjá sig um efni máls eða einstök atriði þess eftir atvikum. Þá getur nefndin kallað til aðra en umsækjanda. Við undirbúning máls er formanni eða varaformanni heimilt að ákveða að kæranda sé gefinn kostur á að koma fyrir nefndina.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga

annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þygi þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kærunefnd útlendingamála tók til starfa í lok árs 2014 og úrskurðaði kjararáð um launakjör formanns nefndarinnar þann 20. mars 2015. Hér að framan er greint frá starfsemi kærunefndar útlendingamála og því hvernig hún hefur þróast og vaxið frá því hún tók til starfa. Umfang starfseminnar hefur skýrst og málum fjölgað umtalsvert. Hefur það meðal annars leitt til þess að fulltrúum í nefndinni hefur verið fjölgað úr þremur í sjö. Við ákvörðun launa formanns kærunefndar útlendingamála er höfð hliðsjón af launakjörum annarra forstöðumanna úrskurðarnefnda og tekið tillit til breytinga á stærð og umfangi, auk þess sem gætt er að því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun formanns kærunefndar útlendingamála skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. desember 2014 skulu mánaðarlaun formanns kærunefndar útlendingamála vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 134, nú 895.478 krónur. Að auki skal greiða honum 38 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá og með 1. júlí 2016 skulu mánaðarlaun formanns kærunefndar útlendingamála vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 1. janúar til 30. nóvember 2015 er eining 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, síðast 7.818 krónur. Frá 1. desember 2015 er eining 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör formanns kærunefndar útlendingamála gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber